

Alþingi
Erindi nr. P 130/2089
komudagur 23.4.2004

Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Akureyri 20. apríl 04

Varðar umsögn um **Þskj. 314 — 278. mál, tillögu til þingsályktunar** um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.

Grunni, félagi forstöðumanna skólaskrifstofa var ekki send ofangreind tillaga til þingsályktunar til umsagnar. Þar sem Grunnur er sameiginlegur vettvangur fostöðumanna skólaskrifstofa og skólafulltrúa á landinu telur stjórn Grunns engu að síður eðlilegt að koma á framfæri athugasemdum og umsögn um framangreinda tillögu. Umsögnin er hér meðfylgjandi í sérstöku skjali. Stjórn Grunns fer þess á leit að félagið verði umsagnaraðili um tillögur til þingsályktunar, reglugerðar- og lagafrumvörp er snúa að rekstrarumhverfi og faglegu starfi leik-, grunn- og tónlistarskóla á landinu.

Sé erindi þessu ekki beint á réttan stað óskast það áframsent til þeirra aðila er um það fjalla eða leiðbeiningum um réttan farveg þess komið til stjórnar Grunns.

Fyrir hönd stjórnar Grunns


Gunnar Gíslason deildarstjóri Skóladeildar Akureyrarbæjar

Grunnur, félag forstöðumanna skólaskrifstofa
Sigurður Aðalgeirsson, formaður
Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga
Ketilsbraut 22
640 Húsavík

Umsögn um:
Þskj. 314 — 278. mál.
Tillaga til þingsályktunar
um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.

Umsagnaraðili: Grunnur, félag forstöðumanna skólaskrifstofa á Íslandi.

Umsögn dags 16.04.2004

Félagið lýsir yfir ánægju með framkomna tillögu til þingsályktunar og telur löngu tímabært að taka á því máli sem þar um ræðir, þ.e. kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þessa málaflokks.


Félagið vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

- Nauðsynlegt er að skilgreina vandlega hvaða börn þurfa á þeirri þjónustu að halda sem um er rætt í tillögunni og greinargerð með henni.
- Skilgreina verður skil á milli ráðgjafar annars vegar, en hún er verkefni sveitarfélaga og meðferðar hins vegar, sem er verkefni ríkisins. Þessi skil eru afar óljós í dag.
- Ljóst er að stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeilda fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda getur komið að góðu gagni í stærstu þéttbýliskjörnum s.s. á höfuðborgarsvæðinu og Eyjafjarðarsvæðinu og þar sem samgöngur eru þess eðlis að þær gera slíkt kleyft s.s. á Suðurlandi. Hins vegar er ekki ljóst hvernig slíkar dagdeildir geta leyst vandann í dreifðustu byggðunum, þar þarf því að huga að öðrum kostum s.s. stofnun sólarhrings skóla og meðferðarheimila þar sem börnin gætu dvalist alla virka daga. Að slíkum stofnunum yrði ráðið sérhæft starfsfólk. Möguleiki er að hugsa sér stofnanir með blönduðum rekstri, þ.e. dagdeildarþjónustu jafnframt sólarhrings úrræðum.

Þannig sent út til allra félagsmanna Grunns og samþykkt sem sameiginleg umsögn um málið.

Akureyri 21. apríl 2004

F.h. Grunns, félags forstöðumanna skólaskrifstofa


Gunnar Gíslason deildarstjóri Skóladeildar Akureyrarbæjar